



UMSÖGN

Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð

Sendandi: Samgöngur og borgarhönnun

Umsögn um tillögu fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um úrbætur á nýjum göngu- og hjólastíg við Álfabakka

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 1. nóvember 2023 var lögð fram svohljóðandi tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Lagt er til að úrbætur verði gerðar sem fyrst á nýjum göngu- og hjólastíg við Álfabakka. Áberandi varúðarmerkingar verði settar upp þar sem stígurinn mætir bifreiðastæði Garðheima, sem geri ökumönnum á leið að og frá stæðinu ljóst, að þeir séu að þvera göngu- og hjólastíg. Jafnframt er lagt til að vegrið verði sett upp í öryggisskyni þar sem kröpp afrein af Reykjanesbraut inn á Álfabakka, liggur að umræddum stíg.

Tillögunni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgangna og borgarhönnunar þann 22. nóvember 2023.

Umsögn:

Framkvæmdir eru enn í gangi á svæðinu og frágangi ekki lokið að fullu. Almennt eru ekki sett upp aðvörunarmerki nema um sé að ræða aðstæður þar sem erfitt er fyrir vegfarendur að búast við hættu eða öðrum vegfarendum. Nú þegar eru vinnusvæðamerkingar/blikkljós þar sem ekið er yfir stíginn að og frá Garðheimum. Ekki talin þörf á frekari merkingum. Óþörf eða illa staðsett skilti geta verið aðgengishindrun, skapað hættu fyrir sjónskerta, árekstrarhættu og í versta falli dregið athygli vegfarenda frá sjálfu umhverfinu sem þeim er ætlað að vara við. Hér er um tiltölulega hefðbundna hönnun að ræða sem finna má víðsvegar um borgina. Ökumenn sem aka yfir stíginn við bifreiðastæði Garðheima fara þar yfir um 6m breiðan stíg sem er upphækkaður, upplýstur og verður með merkingum í götu. Þeim ætti því að vera ljóst að um göngu- og hjólastíg sé að ræða.

Ökutæki sem koma af Reykjanesbraut þurfa að hægja á sér í 90° beygju og koma svo að stöðvunarskyldu. Varað er við beygjuni á Reykjanesbraut og er ráðlagður aksturshraði ekki hærri en 30 km/klst. Ef ökutækið nær þessari beygju er því ólíklegt að það sé á miklum hraða. Þessi tiltekna hætta er því ekki talin vera mikil samanborið við almennar aðstæður í borginni. Ef þarna yrði sett vegrið milli götunnar og stígsins



Reykjavíkurborg

myndi það að öllum líkum þurfa að vera staðsett innan svæðis sem gæti skapað hættu fyrir hjólandi vegfarenda sem rennur til og lendir í árekstri við vegriðið. Nauðsynlegt er í allri hönnun að vega saman allar hættur sem geta skapast og hefur slíkt verið gert við hönnun þessa svæðis.

Virðingarfyllt,
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
samgöngustjóri